

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2015, þriðjudaginn 15. desember, var haldinn 119. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í ÞÁG, Hraunbæ 115 og hófst hann kl. 17:00. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, Hildur Oddsdóttir og Björn Gíslason. Einnig voru viðstödd: Guðbjörg Sveinbiörnsdóttir, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og Elvar Örn Þórisson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar og Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG. Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Styrkir og fjármál hverfisráðs Árbæjar.
 - a. Styrkbeiðni íbúasamtaka Árbæjar.

Elvar Örn Þórisson vísar af fundi við afgreiðslu málsins.

Hverfisráð samþykkir styrk upp á 60.000.-
 - b. Styrkbeiðni frá notendaráði félagsmiðstöðvar Hraunbæjar vegna jólatónleika. 50.000.

Trausti Jónsson vísar af fundi við afgreiðslu málsins.

Styrkur til notendaráðs samþykktur samhljóða.
 - c. Reikningur vegna tendrun Árbæjartrésins greiddur.

Samþykkt er einnig að ef afgangur verður af fjármunum hverfisráðs verður þeim veitt til barna- og unglingsráðs Fylkis.
2. Önnur mál.
 - a. Hverfisskipulag hverfisins. Þorkell Heiðarsson segir frá fundi í Ártúnsskóla sem þótti vel heppnaður.
 - b. Upplýsingaflæði til hverfisráðs um skipulagsmál í hverfinu til umræðu.
 - c. Fyrirspurn vegna mismununar á milli hverfa vegna talmeinafræðinga í Reykjavík.
 - d. Árbæjarsafn og jólaljósaskreytingar. Umræður hafa skapast um hvort megi setja meiri ljósaskreytingu í safnið. Formaður hverfisráðs tekur að sér að kanna hver ástæðan sé fyrir dimmu í safninu í kringum jól.
 - e. Skilti við Rofabæinn. Þar sem þetta er gamla þjóðleiðin út úr bænum ásamt annara minja, þyrfti að setja skilti til lýsingar.

Fundi slitið kl. 18:14

Þorkell Heiðarsson
Björn Gíslason

Hildur Oddsdóttir